
LANDSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Landsþing

2017

Akureyri

17.03 – 19.03

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri



Ritari I (17.3)

Sólveig María Árnadóttir

Ritari II (18.3 – 19.3)

Guðrún Baldvinsdóttir

Fundarstjóri (17.3 – 19.3)

Gauti Skúlason

EFNISYFIRLIT

1.	SETNING ÞINGS	1
2.	KOSNING FUNDARSTJÓRA OG RITARA	2
3.	LÖGMÆTI FUNDAR / 17.3	3
3.1.	Lögmæti fundar í upphafi þings kannað	3
4.	KOSNING FULLTRÚA Í KJÖRSTJÓRN	4
5.	TILNEFNING TRÚNAÐARMANNA	5
6.	SKÝRSLA STJÓRNAR / 17.3	6
7.	REIKNINGAR SAMTAKANNA / 17.3	7
8.	ÁKVÖRÐUN ÁRGJALDA / 17.3	8
9.	LOKAORÐ FUNDARSTJÓRA / 17.3	9
10.	LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3	10
10.1.	Lögmæti fundar í byrjun dags kannað	10
11.	LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3	11
11.1.	Lögmæti fundar eftir hádegisverð kannað	11
12.	LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3	12
12.1.	Lögmæti fundar eftir kaffihlé kannað	12
13.	LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3	13
13.1.	Lögmæti fundar eftir stutt hlé kannað	13
14.	LAGABREYTINGAR / 18.3	14
15.	LOKAORÐ FUNDARSTJÓRA / 18.3	15
16.	LÖGMÆTI FUNDAR / 19.3	16
16.1.	Lögmæti fundar í byrjun dags kannað.	16

17.	LÖGMÆTI FUNDAR / 19.3	17
17.1.	Lögmæti fundar eftir hádegisverð kannað	17
18.	MÁL SEM AÐILDARFÉLÖG ÓSKA EFTIR / 19.3	18
19.	SAMANTEKT ÞINGS / 19.3	19
20.	KOSNINGAR / 19.3	20
21.	ÞINGI SLITIÐ / 19.3	21
22.	STAÐFESTING RITARA OG FUNDARSTJÓRA	22

1. SETNING ÞINGS

Davíð Erik Mollberg, formaður LÍS setur þingið í hátíðarsal Háskólans á Akureyri. Rektor háskólans, Eyjólfur Guðmundsson heldur ávarp og framkvæmdastjórn FSHA heldur stutta tölu þar sem gestir eru boðnir velkomnir til Akureyrar.

2. KOSNING FUNDARSTJÓRA OG RITARA

Davíð, formaður LÍŠ tilnefndi Gauta Skúlason sem fundarstjóra þingsins og var það samþykkt einróma. Davíð tilnefndi Sólveigu Maríu Árnadóttur sem fundarritara á föstudegi og Guðrúnu Baldvinsdóttur sem ritara á laugardegi og sunnudegi og var tillagan samþykkt einróma.

Gauti Skúlason tók því næst við fundarstjórn þar sem hann fór yfir fyrirkomulag helgarinnar og skipulag þingsins.

3. LÖGMÆTI FUNDAR / 17.3

3.1. Lögmæti fundar í upphafi þings kannað

Nemendafélag Háskólans á Bifröst = 3 atkvæði

Stúdentaráð Háskóla Íslands = 12 atkvæði

Félag stúdenta við Háskólann á Akureyri = 5 atkvæði

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík = 7 atkvæði

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands = 2 atkvæði

Nemendafélag Listaháskóla Íslands = 2 atkvæði

Stúdentafélag Hólaskóla = 2 atkvæði

Samband íslenskra námsmanna erlendis = 2 atkvæði

Heildarfjöldi atkvæða = 35 atkvæði

4. KOSNING FULLTRÚA Í KJÖRSTJÓRN

Fundarstjóri lagði til að Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Íris Björk Snorradóttir og Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir yrðu fulltrúar í kjörstjórn og var tillagan samþykkt einróma.

5. TILNEFNING TRÚNAÐARMANNA

Fundarstjóri tilnefndi Elsu Maríu Guðlaugs Drífudóttur og Þórð Jóhannsson sem trúnaðarmenn og var tillagan samþykkt einróma.

6. SKÝRSLA STJÓRNAR / 17.3

Davíð, formaður LÍS fór yfir skýrslu framkvæmdastjórnar fyrir fundargesti. Hann stiklaði á stóru varðandi helstu atriði skýrslunnar og hvatti fundargesti jafnframt til þess að kynna sér skýrsluna í heild sinni. Davíð sagði að þrennt hefði einkennt árið: Alþjóðastarfið, gæðastarfið og nefndarstarfið. Mikil áhersla var lögð á alþjóðastarfið og var LÍS í fyrsta skiptið hluti af ESU, þegar það tók við af SHÍ í Bergen í maí.

Gæðastarfið hefur verið mjög mikið og hefur LÍS meðal annars tekið virkan þátt í gerð handbókar um gæðaráð.

Nefndir hafa verið mun virkari í ár heldur en áður en stór ástæða þess er sú að auglýst var í nefndir út á við, áður áttu meðlimir framkvæmdastjórnar einir setið í nefndum LÍS. Nefna má Réttinda Ronju sem starfshópur jafnréttisnefndar setti af stað.

Fjármagn fyrir samtökin hefur verið tryggt á árinu og eru einu föstu tekjur félagsins árgjöld aðildarfélaga, eins og verið hefur síðustu ár. LÍS hefur sótt um þjónustusamning við Menntamálaráðuneytið en hefur ekki fengið hann samþykktan. Viðbrögð innan Menntamálaráðuneytis eru þó jákvæð og eru líkur á þjónustusamningi og mun þá vera hægt að ráða aðila inn á skrifstofu félagsins, með fastar tekjur.

7. REIKNINGAR SAMTAKANNA / 17.3

Kolbrún Þorfinnsdóttir, fjármálastjóri LÍS bar upp reikninga samtakanna til samþykktar. Hún fór lauslega yfir ársreikninga og sagði þá umfangsminni en síðasta ár. Reikningarnir ná frá byrjun árs 2017 og til loka 2017. Kostnaður var minni en í fyrra og á það bæði við ferðir innanlands sem og erlendis. Helsti kostnaður er þó varðandi alþjóðastarfið, eins og verið hefur síðustu ár. Stærsti þátturinn þar er kostnaður við flug og þátttöku.

Kolbrún bendir á að verði samþykktur þjónustusamningur við Menntamálaráðuneytið, ætti LÍS að vera með fastan bókkara sem sjái um reikningagerð þar sem að mikill kostnaður og vinna sé við það að vera með nýjan fjármálastjóra á hverju ári.

Gauti bar ársreikninga LÍS til samþykktar fundargesta og voru þeir samþykktir.

8. ÁKVÖRÐUN ÁRGJALDA / 17.3

Jónas Már Torfason frá SHÍ spyr hvernig ákvörðun árgjalda fari fram.

Aldís Mjöll Geirsdóttir, talar fyrir hönd framkvæmdastjórnar LÍS og segir að ákvörðunin sé söguleg. Hún nefnir m.a. að FSHA borgi jafn mikið og SFHR vegna góðrar fjárhagsstöðu FSHA þegar LÍS var stofnað. Hún segir árgjöldin ákvörðuð út frá fjölda nemenda í hverju nemendafélagi.

Ketill Sigurður Jónsson frá FSHA leggur til að árgjald FSHA verði lækkað í samræmi við fjölda fulltrúa eða að atkvæðafjöldi FSHA verði jafn atkvæðafjölda SFHR.

Ragna Sigurðardóttir frá SHÍ segir að það þurfi að fara yfir árgjöld allra skóla og henni finnst það ekki vera jafnt. Hún telur þó að það þurfi að leggja fram breytingatillögu fyrir landsþing svo að öll aðildarfélög geti tilkynnt sér hvað liggur að baki fyrir þing.

Erna Sigurðardóttir frá SFHR tekur undir orð Rögnu og bætir við að það ætti að vera í höndum framkvæmdastjórnar LÍS að ákvarða árgjöld hvers aðildarfélags í samræmi við þau.

Aldís Mjöll Geirsdóttir er sammála Rögnu og Ernu og segir framkvæmdastjórn LÍS þurfa að vinna að þessu á nýju starfsári.

Sunna Mjöll Sverrisdóttir leggur fram tillögu þess eðlis að framkvæmdastjórn hrindi af stað einhverskonar ferli þar sem árgjöldin verði endurskoðuð, í samvinnu við aðildarfélögin á nýju starfsári.

Tillagan er borin upp og telst samþykkt.

Kosið er um árgjöldin eins og þau voru lögð fram fyrir þingið.

Tillagan telst samþykkt, með tilliti til tillögu þess sem Sunna Mjöll lagði fram.

9. LOKAORÐ FUNDARSTJÓRA / 17.3

Gauti Skúlason óskar eftir frestun fundar til morguns, laugardags 18. mars klukkan 09:30 og er það samþykkt.

10. LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3

10.1. Lögmæti fundar í byrjun dags kannað

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

Ávarp frá Sunnu Mjöll gæðastjóra

Erindi Þórunnar Sveinbjarnardóttur

Erindi Sigurðar Óla Sigurðssonar og Maríu Kristínar Gylfadóttur frá RANNÍS

Erindi Einars Hreinssonar frá HR.

Erindi Ernu Sigurðardóttur um þátttöku nemenda í gæðamálum

Erindi Arnheiðar Eypórsdóttur frá HA um gæðamál HA

11. LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3

11.1. Lögmæti fundar eftir hádegisverð kannað

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

Vinnustofur á vegum RANNÍS

12. LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3

12.1. Lögmæti fundar eftir kaffihlé kannað

Virk atkvæði:

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

13. LÖGMÆTI FUNDAR / 18.3

13.1. Lögmæti fundar eftir stutt hlé kannað

Virk atkvæði:

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

14. LAGABREYTINGAR / 18.3

Fundarstjóri opnar fyrir lagabreytingar og kynnir fyrirkomulagið. Lagabreytingar hefjast.

i. Hlutverk

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn (FS)

Breyting á 2. grein

FS: Aldís rökstyður.

SÍNE: Berta: athugasemd við orðalag: „Standið vörð um háskólanema hérlendis og sér um hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi en ekki íslenskra háskólanema erlendis þ.e. í erlendum háskólum

FS: nei íslenskir háskólanemar á alþjóðavettvangi þ.e. nemar

Síne: af hverju segið þið ekki bara hérlendis og erlendis?

FS: Aldís já það er rétt

FS: Aldís legg til að ræða fyrst endurröðunina og síðan breytingar á orðalagi.

GS: er einhver mótfallinn því að greinin endurraðist eins og FS var búin að gera í tillögunni og með munnlegu breytingartillögunni?

SFHR: Erna bendir á að það er ruglingur í tölunum

GS: er einhver mótfallinn? eða situr hjá nei?

Samþykkt að hún endurraðist svona

SHÍ: getið þið næst ítrekað hvað er tillagan og hvað er munnlega breytingartillagan?

FS: Sunna: þetta snýst fyrst og fremst um endurröðunina.

GS: en það er búíð að breyta því

FS: ef við ætlum að að kjósa sérstaklega þá þarf að óska eftir því?

GS: getum við þá kosið um munnlegu breytingartillöguna hennar á þessari hérna breytingartillögu og svo kosið um ykkar breytingartillögu?

GS: eruði samþykkir því að þessi tillaga verði brotin upp - annars vegar tillaga SÍNE um grein 2 og hins vegar um kjósa um breytingartillögu FS sem er endurröðunin?

SHÍ: Sigmar: það vantar þá að setja íslenska nemendur svo við séum ekki öll að pæla í öllum nemendum erlendis.

SHÍ: Þarf að kjósa um orðalagsbreytingar?

FS: þetta er ekki einungis orðalagsbreyting og ítreka það að þetta sé mögulega óskýlt upphaflegu breytingartillögunni. - þetta er óskýlt þar sem þetta er orðalag en ekki uppröðun.

SFHR: Erna: óskýrt ef það er verið að gera breytingar ef þingið er til í að breyta þessu -

SHÍ: Ragna: ég vil taka undir með Ernu hvers eðlis þess breytingar mega vera og það mætti laga lagabreytingar á þeim breytingum sem liggja fyrir. En þetta er kannski efnislegt. Ég veit svo sem ekki hvað var að upphaflega orðalaginu.

GS: Sem sagt, þingið ákveður þetta smá núna - þetta er tekið fram svo við séum öll sammála um þetta

GS: við ættum að kjósa um hvort við ættum að breyta þessari tillögu í tvo hluta það er ágætt annars komumst við ekkert áfram.

SHÍ: Vigdís: ef þetta verður ekki skipt í tvo hluta bæði munnlega tillgan og upprunalega

GS: þá er annað hvort kosið um tillöguna eins og hún er núna - upprunalegu.

SHÍ: Ragna: mig langar að fá útskýringu frá SÍNE á þessari orðalagsbreytingu

Síne: mér finnst þetta smá loðið skrýtið orðalag - kannski ekkert rangt en smá svona ekki til okkar - við sett svona eftir á. við ekki tekin of alvarlega. Íslenskir nemendur eða stúdentaerlendis. Sammála SFHR að breyta í íslenskir nemendur sem og íslenska námsmenn erlendis.

GS: Kjósum fyrst hvort við viljum kjósa um þetta í tveimur liðum.

FS: framkvæmdarstjórn samþykkir þessa munnlegu breytingartillögu

GS: vill einhver að þetta verði tekið upp í tveimur hlutum?

GS enginn óskar eftir því.

Gs: þá ber ég upp þess tillögu til samþykktar

GS: hverjir eru samþykkir því

SHÍ: eina athugasemd - námsmanna - háskólanema - orðalag beint til Þórðar

GS: hverjir eru samþykkir því að breytingartillagan standi eins og hún stendur núna?

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 33 atkvæðum.

ii. Orðskýringar

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

Framkvæmdarstjórn rökstyður.

GS: opnar mælendaskrá

GS: lokar mælendaskrá

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

iii. Aðild LÍS að öðrum félögum og samtökum

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SHÍ Daníel: tillaga að breyta í "og samtök stúdenta" því það geta verið hvaða samtök sem er.

FS: Aldís: það er landsþingið sem ákvarðar undir lokin hvort að samtökin verði bundin eða ekki. Það er traust lagt á það að þingið kjósi ekki einhverja vitleysu. Til komið því LUF er búið að biðja okkur um að sækja um aðild síðustu þrjú ár. Það myndi t.d. ekki flokkast undir samtök stúdenta og því það myndi ekki beint falla undir þetta.

SHI: Ragna: Ég fagna þessari tillögu og finnst mjög mikilvægt að skýra þetta í lögum og að það sé verið að færa þetta vald til þingsins.

SFHR: Erna: Ég fagna þessari tillögu og vil fá útskýringu á hvers konar samtök þetta geta þá verið?

FS: þá aðallega eins og LUF og við vitum svo sem ekki hvað annað það getur orðið.

SHÍ: Jónas: vil grípa þetta á lofti og vil segja að t.d. að SHÍ er hluti af LUF

FS: þetta er ekki umræður um aðild að LUF og vil stoppa þær umræður og lögfesta þessa

heimild.

GS: er einhver munnleg breytingartillaga?

GS: gott og vel ég ætla að loka mælendaskrá.

GS: leggur til tillögu 7. iii er einhver mótfallinn að tillagan verði samþykkt?

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

iv. Lögmæti framkvæmdastjórnarfundar

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður. (bætir við t.d. landfræðilegum rökum) og að það sé mikilvægt þegar kemur að atkvæðum.

SFHR: Erna: nafnið á lagagreininni er bara um lögmæti en tillagan er líka um atkvæðagreiðslu og svo líka með fjölda fulltrúa hvað á FS við með þessu hverjir eru fulltrúar sbr. nefndarmenn geti verið í FS - hvernig er það ?

FS: þetta eru fulltrúar í FS, nefndarmeðlimir hafa ekki atkvæðisrétt á FS fundum þetta eru fulltrúar í stjórninni.

SFHR: með munnlegu breytingartillöguna - Í heitinu lögmæti fundar og hins vegar lögmæti atkvæðagreiðslu og að taka fram þetta með fulltrúana.

SHÍ: Sandra: hvernig er löglega boðað til fundar?

FS: Davíð: það er ákvarðað í upphafi árs í lögum

SHÍ: Ragna: hvernig er það háttað með varafulltrúa? Teljast þeir fulltrúar FS sem eru fulltrúar af þessu 2/3?

FS: já hann tekur sæti aðalfulltrúa.

GS: þá ber ég tillöguna fram hverjir eru mótfallnir því að hún verði eins og hún standi núna?

Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum

v. Formaður LÍS

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Davíð rökstyður

SFHR: Rebekka: hvernig eru samskiptaleiðirnar? Skila fundagerðum eða hringja símtöl?

FS: Aldís: ertu þá að meina fulltrúanna til aðildarfélaganna?

SFHR: Erna: ég er smá hrædd um að þetta gerist ekki

FS: við erum ekki með alveg ákveðið en það verði þá í höndum aðildarfélaganna og þau velji sitt verklag. Það mun þó ekki koma í veg fyrir að LÍS sjálf muni vera í samskiptum við aðildarfélögin.

GS: Lokarmælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

vi. Embætti

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: með alþjóðaforseta : „er ábyrgur fyrir“ eruð þið þá að meina á þeim fundum sem hann er á fara á vegum LÍS eða er það eitthvað frekar skilgreint? Líka varðandi gæðastjóra - „gæðastjóri ber ábyrgð á....“ er það þá innan samtakanna þ.e. öll aðildarfélögin og miðla þekkingu þeirra eða sé að passa upp á að framkvæmdastjórn sé að gera rétt varðandi

gæðamál?

FS: Aldís: byrjum á alþjóðaforseta - þetta eru þeir fundir sem LÍS sendir forsetann á en þetta er ekki nýtt heldur bara búið að breyta orðaröðuninni -

FS: Aldís: gæðastjórinn - þetta er náttúrulega mjög opið og verður eiginlega að vera þannig því þetta er svo nýtt - mikilvægasta er að þetta hafi verið óskýrt áður - og nú sé þetta meira pró.

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

vii. Alþjóðaforseti

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: rökstyður.

GS: opnar og lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

viii. Gæðastjóri

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

GS: opnar

SHÍ: Ragna: mér finnst þetta bara mjög flott

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

ix. Önnur embætti

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður

SFHR: Erna: þetta með hvort að fs meðlimir ættu að vera í forgangi - og ef það er ekki hægt

að fylla þessar stöður þá væri hægt að fá aðra inn í þessar stöður. Er ekki bara að fara að vera rosa mikið af fólki á fundum og framkvæmdastjórnmissir svólítiðvald sitt.

FS: Aldís: við viljum áréttta það að fs eru meðstjórnendur- þau taka þátt og taka að sér öll verkefni sem falla ekki undir ákveðnar nefndir. Góð þæling með fjölda á fundum, viðurkenni að ég var ekki alveg búin að hugsa það - þannig þetta með forganginn er góð þæling en ekki viss um að ég vilji festa það í lög.

FS: Sunna: Eina sem ég hef áhyggjur af er að það verður óaðlaðandi að bjóða sig fram ef einhver annar hefur forgang. Eins og núverandi skipulag er þá verði það mjög fráhrindandi - ég er ekki ósammála en ég held þetta myndi hamla okkur að fá gott fólk. Við viljum fá fólk með brennandi áhuga.

FS: Aldís: einn annar punktur - nefndarmeðlimir hafa oft meiri þekkingu á því sviði sem þau hafa verið í nefnd á - er góð reynsla og getur verið betri en margt annað sem fólk sem hefur verið eða er í framkvæmdarstjórn.

SFHR: ég er ekkert á móti þessari tillögu en ég bara velti fyrir mér þegar þetta er orðið svona rosalega mikið af fólki og að FS geri þá lítið úr þeirra stöðu sem eru að koma inn í FS er þá reynsla nefndarmeðlima heldur en þessir nýju fulltrúar í FS - eiga þeir þá frekar að sitja í einhverjum nefndum - eða er kannski nóg af verkefnum

Nefndarmeðlimur: Ágústa: sem nefndarmeðlimur vil ég segja að ég hafi miklu betra innsýn heldur en FS meðlimur sem hefur aldrei verið í þeim málum. finnst ekki að ætti að vera forgangur.

FS: Aldís: mér finnst persónulega að það ætti ekki að vera forgangur - allir ættu að vera jafnir og mega bjóða sig fram en FS kys náttúrlega svo það er af nógu að taka. Það að sitja í FS er stórt verkefni ef þú ert ekki í forgangi ef þú hefur jöfn tækifæri.

SFHR: Erna: það væri gaman að heyra sjónarmið frá öðrum félögum því þó það séu jöfn tækifæri þá finnst mér það aldrei verða alveg jafnt því nefndarmeðlimur er komin inná kopp og við sendum þá í staðinn einhverja nýja sem hefur ekki sömu reynslu.

SHÍ: Ragna: hvernig hefur ferlið verið umsóknar og hvernig hefur verið valið og hvernig þið

sjáið fyrir ykkur að þetta verði valið í formenn nefnda?

FS: Aldís: það er kosið á FS fundi - fólk sendir inn framboð kynnir sig á fundinum og svo er kosið innan framkvæmdarstjórnar. það er ekki lagabreytingartillaga um 16. grein þar sem um kjörgengið ... þ.e. nánari framkvæmd er ekki lögfest - en það stendur í verklagi

FS: Sunna: við höfum verið í vandræðum með að manna stöður og við getum þá kannski skoðað þetta aftur að ári. það er erfitt að reka LÍS og við eigum oft erfitt með að keyra þetta allt saman

FS: Aldís: til ernu - mér finnst mjög ósanngjarnt að manneskja sem hefur reynslu og að FS hafi þá forgang

SFHR: Erna: mikilvægt að hafa í huga að FS meðlimir eru tengdir aðildarfélögunum og við skipum fólk í FS og við skipum fólk sem við teljum hæfast í þessar stöður.

SHÍ: Ragna: ég vil segja mína skoðun að þeir sem gegna þessum stöðum eiga að vera þeir sem eru hæfastir - það gæti verið nefndarstarfsmenn og þeir séu hæfari en FS meðlimir og það er auglýst hjá öllum háskólanemum og það er því sanngjarnt og jöfn tækifæri og taka því þar með formennsku í nefndum. Finnst ekki rétt að loka á þá einstaklinga - það er ekki í skilyrðum að FS meðlimir fái að vera formenn nefnda.

FS: það eru fulltrúar aðildarfélaganna sem kjósa að lokum um hverjir verða formenn.

GS: vill SFHR leggja fram munnlega breytingartillögu?

SFHR: nei

FS: þakka Ernu fyrir þessa umræðu

SÍNE: ég vil beina orðum mínum að jafnréttisnefnd en mér finnst dagurinn í dag vera vel gerður út frá jafnrétti og öðru sem tengist því.

GS: ég tek við þessum þökkum

allir klappa fyrir deginum

GS: lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með

35 atkvæðum.

x. Embætti

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

GS: opnar og lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

xi. Hlutverkaskipting innan LÍS

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SHÍ: Ragna: Varðandi fjölda nefndarmeðlima og hvenær nefndir eru ákveðnar í sambandi við þessa kosningu - hvernig er því háttað - eru einhverjar takmarkanir og tímasetningar ákvarðaðar með það?

FS: Aldís: við erum ekki með verklag varðandi nefndarstarfið því þetta var fyrsta árið og við ætlum að gera það á næsta ári því nú er komin reynsla á það. Það er lagabreytingartillaga um að festa í lög að það sé auglýst í stöður að hausti meðal allra háskólanema - það hefur verið hingað til þannig að einungis framkvæmdastjórnarmeðlimir sitji í nefndum en nú koma fleiri inn að hausti.

FS: Sunna: við ræddum að setja hámark en við komumst að því að væri ekki hægt því það er komin lítil reynsla t.d. með gæðanefndina vil að ég ekki setja neinar hömlur því það er svo

mikið í gangi þar núna. Þetta er ekki tímapunkturinn að setja hamlandi lög en ég fagna því að við ræðum þetta á næsta landsþingi. Við miðuðum við 3-4 núna þetta árið.

SHÍ Ragna: ég tel það mikilvægt að kjörgengi sé skýrt allt með auglýsingar og skipti og allt saman en ég skil vel þetta á meðan að þetta er nýtt.

FS: biður um 2 mínútna pásu til þess að ræða sín á milli - Fundarstjóri samþykkir

GS: Lokar mælendaskrá.

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

xii. 3. kafli laganna

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

GS: opnar og lokar mælendaskrá: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

klappað fyrir ljósmyndara

xiii. Afsögn fulltrúa eða varamanns

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: í lokin. „fráfarandi fulltrúi ...gagnvart LÍS.“ er þetta hlutverk fulltrúans sem er að hætta að gera það eða er þetta hlutverk varaformanns að gera þetta eða?

FS: ertu að meina ef fulltrúi sinni einhverju embætti?

SFHR: Svolítiðskrýtið að þessi fulltrúi þurfi að upplýsa um þetta - frekar hlutverk formanns

og varaformanns frekar en sá sem er að hætta? Segjum að fulltrúinn hafi bara ekkert verið að sinna skyldum sínum og er því ekkert inni í málum sem hann átti að vera að sinna.

FS: við erum sammála þér.

GS: umræða um réttmæti á munnlegum breytingartillögum - þingið var á því áðan á því að treysta okkur sjálfum - þú getur borið fram þessa munlega breytingartillögu fram

SFHR: ég vil fá hjálp frá FS - viljiði varpa þessari umræðu fram um hvort að eigi að breyta þessu yfir í formann og varaformann?

GS: tökum örlítið fundarhlé - reynum samt að vera hérna inni

SFHR: ég er með munnlega breytingartillögu að það verði „formaður beri ábyrgð á því að upplýsa nýjan fulltrúa um skyldur hans og hlutverk gagnvart LÍS“

GS: hvað segir FS um þessa breytingu?

FS: þau eru samþykkt.

SHÍ: Arna: hvað gerist ef formaður þarf að segja af sér af einhverjum ástæðum?

FS: mjög góð spurning - held það sé engin slík setning um það í lögum - fyrir utan að varaformaður sinnir formennsku í fjarveru hans ef þú ert að þæla í upplýsingaflæðinu - það er engin lagagrein um upplýsingaflæðið.

GS: varaformaðurinn tekur náttúrliga við og á að vera inn í öllum þessum málum og svo er skiptafundurinn notaður þegar formaðurinn hættir formlega.

SHÍ: Arna: ég skil alveg en verður þá bara fráfarandi formaður að setja varaformann inn í öll þau mál?

FS: það er engin grein um það hver upplýsir varaformann um formannstörfín - þessi setning er samin vegna þess að það kemur einhver alveg nýr inn í starfið og er utanaðkomandi - ef formaður segir af sér þá er ekki þörf á þessu því þá er manneskja sem tekur við sem er nú þegar inn í málunum.

GS: Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

xiv. Nefndir LÍS

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: við ræddum þetta líka í fyrra - með að fastanefndir séu skipaðar fulltrúm beggja ára í framkvæmdarstjórn eða með því móti að reynsla fyrri fulltrúa nýtist með best. Óraunhæft að fólk geti setið aftur næsta ár. Hvernighafa FS tekið þátt í nefndarstörfum og sjáið þið fram á að þetta sé hægt?

FS: við erum ekki að tala um að aðili þurfa að sitja aftur í nefndinni - það er bara miðað við að aðilar séu skipaðir með þessum hætti. Reynslan af þessu á þessu ári er bara búið að vera svolítið bland. - Frekar mikið bland en svolítið hröð velta innan samtakanna svo það er ekki komin reynsla á það. Þú þarft ekki að sitja áfram í nefndinni.

GS: Lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

FS: ítrekar að fólk eigi að spyrja því þau munu nota umræðurnar hér til þess að vinna með á árinu.

xv. Fjöldi þingfulltrúa

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: þið eruð að breyta þessu að það er fast í lögum að endurskoða þetta - nú þegar við breytum þessu í þetta - undir hvaða lið er þetta hvað gerist núna á þessu þingi?

FS: Aldís: þetta myndi þá falla undir liðin mál sem aðildarfélögin taka upp - eða

lagabreytingu.

SFHR: Erna: þá bæði eða?

FS: Aldís: ég myndi telja að ef þú viljir breyta sætunum þá sé það lagabreyting.

SFHR: aðildarfélögin yrðu þá að leggja fram breytingartillögu.

FS: Aldís: fer bara eftir hvað er verið að biðja um. fer eftir hvort það séu stórfelldar breytingar eða bara hvort það verði bara rætt. Ég hef líka alltaf túlkað það þannig að þú myndir hvort eð er alltaf þurfa að senda lagabreytingartillögu - áður.

SHÍ: Ragna: ég var bara að velta fyrir mér að aðildarfélögin myndu þá bara óska eftir því fyrir landsþingi?

FS: Aldís: góð spurning - það eru ekki frestir inn í lögum og við verðum bara að skoða það á næsta landsþingi - mér finnst að það ætti að vera sami frestur til að umræðurnar verði betri - það verður þá ekki þannig fyrir næsta landsþing

FS: Aldís: vill bóka það að það verði settur frestur á það ef að aðildarfélög vilji að mál verði sett fyrir á landsþingi, inni lögin.

SHÍ: Sigmar: Velti bara fyrir mér hvort að þessi klausa þarna neðst hafi einhverja sjálfstæða þýðingu því það þyrfti hvort eð lagabreytingartillögu til að breyta því - og svo einnig - hefur þetta einhverja sjálfstæða þýðingu í raun og veru eða er hún óþörf?

FS: Aldís: aðallega það að það skuli endurskoða á landsþingi - en ég held að þetta hafi verið hugsað út frá því að það sé landsþing sem endurskoði þetta.

SFHR: Rebekka: vil taka undir með sigmari og af hverjuekki að sleppa þessu bara?

SFHR: Erna: ég er sammála en ítreka það að þetta sé á landsþingi og að þetta sé líka bara hægt yfir höfuð.

FS: Sunna: já algjörlega auðvitað vita allir að þú megir koma með lagabreytingartillögur en þetta er svona hvetjandi.

GS: ég er núna bara að spyrja - ef þetta feitletraða fer í burtu þarf þá ekki alltaf að endurskoða

samt á hverju einasta landsþingi?

SHÍ: Ragna: hvort að þæling sé að annað hvort sé hægt að taka út allt þetta sem stendur eftir fjölda fulltrúa? Ef það er fært í lög að aðildarfélög þurfi að skila inn beiðnum að endurskoða þingfulltrúa á sama tíma og lagabreytingar - þá er allt þetta óþarft - en ef þetta stendur núna að þá er verið að gefa í skyn að það sé hægt að óska að því fram að landsþingi

SHÍ: Sigmar: ég held að það gæti valdið ruglingi að hafa þetta inni - nema að það sé vilji að endurskoða þetta á hverju ári - það er alveg skýrt hvernig á að breyta lögum - ef við höfum þetta inni þá er eins og hægt sé að óska eftir endurskoðun á einhvern annan hátt. Á þetta ekki að vera eins og aðrar lagabreytingar?

SFHÍ : Jónas: það er held ég bara fínt að taka þetta út því þá er svo sem hægt að túlka þetta einhvern veginn öðruvísi en ætlast er.

SFHR: ég skil allar þessar þælingar - en mér finnst samt svo stórt atriði í lögnum að breyta þingfulltrúa að það þurfi að koma sérstaklega fram hvernig aðferðin er - því þetta er flókið og hvort það sé hægt að framkvæma þetta eða hvernig eða hvað.

FS: Aldís: Ég er sammála því að það sé mikilvægt að hafa þetta inni - þetta er það formfast atriði að þá er þetta það stórt atriði að það hafi verið í lögum að það eigi að endurskoða þetta á hverju áriog ættum því að hafa þetta kannski: óski aðildarfélag eða framkvæmdarstjórn eftir því ... og að það fari eftir hefðbundnu lagabreytingartillögufyrirkomulagi.

SHÍ: Sigmar: ég er sammála þessu og mér heyrir að það fer um þetta eins og með aðrar lagabreytingar

SFHR: Erna: hvort að við eigum að orða þetta öðruvísi beiðni um breytingu á fjölda þingfulltrúa.

GS: tökum örstutt hlé svo að SFHR, SHÍ og FS getir mótað nýja tillögu saman.

GS: við skulum byrja aftur

SFHR: þælingin er að við bætum við þessu gula en núna þegar ég horfi á þetta þá gæti þetta gula verið bara nóg - því þá er verið að segja að það sé hægt að breyta og ... þá er óþarfi að

bæta þessu við aftur

FS: er einhver munur á breytingu og endurskoðun í þessu tilfelli. - Já .

FS: já erum sammála SFHR þá er nóg að hafa bara þetta gula því það er alltaf hægt að gera þetta undir önnur mál.

GS: FS er sátt við að þetta gula haldist og hitt fari þá út.

GS: Lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

Þing klappar

xvi. Réttindi og fjöldi nefndarmeðlima á landsþingi

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SHÍ: Ragna: Mér finnst þetta flott tillaga en langar að spyrja hvernig þið mynduð hafa kostnaði þegar kemur að nefndarmeðlimum og hvernig það yrði ákveðið.

FS: Aldís við erum ekki með fast verklag núna en með kostnaðinn er það sama en ég tel að LÍS sjái um þann kostnað og að fjöldinn sé í samræmi við þann kostnað og það sé tekið tillit til beggja. LÍS greiða fyrir þá þessa fulltrúa á þinginu. en ekkert verklag er núna með hvernig þessi fjöldi yrði ákveðinn.

SHÍ: Ragna: Mikil aðsókn hjá SHÍ að komast á þingið og færri komast að og ef gjöldin fari í þetta eða hvort að það sé hægt að sækja um styrki og hvernig sé með aðildarmeðlimi.

FS: LÍS borga fyrir þingfulltrúa. Hvort að aðildarfélögin megi borga fyrir fleiri get ég ekki

svarað fyrir þetta því þetta er ekki komið inn í verklag

Sunna: núna er sáum við hag í því að fá nefndarmeðlimi inn í þetta og stýra umræðum og fá ekki kosningarétt - allar aukahendur eru svo verðmætar í þessu öllu saman - en við ákváðum núna t.d. að bjóða þeim með og ég er mjög ánægð með það eg held þetta verði bara gott fyrir samtökin.

SHÍ: ég vil bara ítreka það og ég skil það mjög vel - og finnst þetta líka gott og jákvætt en væri líka gott ef við gætum fengið áheyrnarfulltrúa frá okkur sem LÍS myndi borga fyrir - FS getur haft ótakmarkað magn af áheyrnarfulltrúum en þingfulltrúar og aðildarfélög geta ekki gert það á kostnað á LÍS

SÍNE: Berta: ég skil þetta ekki alveg - hvert er hlutverk nefndarmeðlimi - af hverju eru þau ekki bara eins og við - ég skil ekki alveg stöðuna.

FS: Aldís: Þau eru framlenging á FS og eru í rauninni bara eins og við hérna - en þetta er bara þróun en þau eru ekki þingfulltrúar því þau eru ekki í forsvari fyrir aðildarfélögin heldur LÍS og eru hér sem “starfsmenn LÍS” og eru inni í málum samtakanna.

SFHR: Erna: þegar ég las þetta þá þældi ég í því af hverju tekur FS hliðsjón af - fjármagni og fjölda nefndarmeðlima- tengt því sem SHÍ sagði - getur hver sem er komið á landsþingið af því að þetta er fjármagn LÍS sem er farið í þetta en það er ennþá þannig að hvert og eitt aðildarfélag sem heldur þingið greiðir fyrir þingfulltrúa þá er sú umræða komin inn hér - að lís sé að borga aukalega fyrir ákveðna fulltrúa en ekki hina - að gjöld þingfulltrúa fari á það félag sem heldur þingið.

GS: viljiði bæta við þessa nákvæmlega lagabreytingu eða viljiði þið logga inn i fundargerðina?

FS: ég held að við þurfum að fara í verklagsvinnu varðandi þetta.

Bókað : FS: að FS fari í samvinnu við aðildarfélögin sín á endurskoðun á hvernig þingið er fjármagnað og öll atriði tengd því.

SHÍ: Ragna: Sammála og ætla bara að bæta við að þessi fjöldi áheyrnarfulltrúa verði skoðaður með tilliti til fjárframlags aðildafélaga bæði hvað varðar skipulagningu þingsins og aðildargjöld.

SHFR: Erna: og hversu opið þingið er hvort að þetta sé takmarkað eða sé öllum opið fyrir öllum eða hvort að við (SFHR) gætum borgað fyrir þá sérstaklega.

GS: Lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

xvii. Kosningar á landsþingi

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: að veita öðrum þingfulltrúa umboð - getur þetta verið í öðru aðildarfélagi eða bara í sama og viljum við taka þetta sérstaklega fram. Og eru einhver tímamörk á hvenær þetta þarf að gerast?

FS: Aldís: Ég held að það sé hægt að veita umboð annars aðildarfélags en það er nú þannig eiginlega nú þegar - og með tímamörk, það eru ekki tímamörk það þarf bara að senda rafrænt til FS en það eru ekki tímamörk - það er litið til ESU - þar er það þannig að þá þarf að gefa útfyllt form í upphafi stjórnarfundar.

SHÍ: Ragna: ég var að velta fyrir mér hvort að það ætti að tilgreina rafrænt - hvort það sé hægt að segja: að gefa umboð með hætti samkvæmt þessu hérna öðru. og svo: segjum að það gerist eitthvað alvarlegt eða hvort að aðildarfélög geti gefið umboð fyrir einhvern annan ef t.d. ef eitthvað alvarlegt gerist.

GS: er vilji hjá ykkur að breyta þessari tillögu á einhvern hátt?

FS:Aldís: já getur alveg verið vilji - eða erum ekki grjóthörð á að þetta standi svona

FS: Aldís: Ég er mjög sammála SHÍ

SFHR: þetta með að aðildarfélögin geti veitt umboðið til einhvers sannars þá væri það ekki til annars aðildarfélag heldur innan félagsins er það ekki?

SHÍ: má ég fá 2 mín fundarhlé?

FS: svo er annað: ég sá í gær að "hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði" hvort við ættum ekki að skýra það að hann getur einnig haft umboð fyrir einhvern annan - ég vil varpa þessu fram - því að hér er ekki tekið til greina að þingfulltrúi geti verið með umboð fyrir einhvern annan.

GS: Fundarhlé í 3 mín til þess að hægt sé að smíða þessa tillögu upp á nýtt

Þórður fær orðið til þess að útskýra breytinguna:

„búið er að setja inn með gulu inn í breytingartillögunum og það sem er yfirstrikað detti út.“

SHÍ: Ragna: eftir samkomulagi þá varðandi fyrstu viðbótina að við erum að segja að það er fyrst og fremst þeirra fulltrúar sem ekki geta mætt að veita umboð en ef það er ekki hægt þá hefur aðildarfélagið veitt umboð fyrir hans umboð. Svo virtist þetta vera tvítekning þá viljum við skýra það að það á við heild aðildarfélag að veita öðru aðildarfélagi umboð - svo er önnur breyting þarna erum við - í upphaflegu greininni er þetta ekki ný efnisgrein - að þetta sé sent rafrænt bæði ef einn aðildarmeðlimur forfallast eða heilt aðildarfélag.

SHÍ: Daníel: ég fagna þessari niðurstöðu en vil líka benda á stafsetningarvillu.

FS: Aldís: það er skýrt að einn fulltrúi hafi eitt atkvæði en með þessu fyrirkomulagi ertu í umboði þá ertu samt ekki með tvö atkvæði heldur hefur bara umboð fyrir öðru atkvæði. með umboðið að senda það inn - eins og þetta stendur núna, þurfum við að skýra þetta betur því núna er tekur þetta bara til á milli aðildarfélaga.

SHÍ: Sigmar: veit ekki hvort það þurfi að taka það fram ef það þetta er innan aðildarfélaga að það verði rafrænt. Það er annað með ef þetta er milli aðildarfélaga.

FS: ég er sammála því en það þarf samt að láta vita og enginn af þinginu frétti af því. Það þarf ekki að vera eins formfast.

SHÍ: Sigmar: hægt að gera það í upphafi fundar að einhver sé með umboð fyrir annan

SFHR: Erna góð hugmynd - ég held að við séum komin út í eitthvað skilgreiningaratriði og þá þurfum við kannski að skrifa það inn. að fulltrúinn geri grein fyrir því á einhvern hátt. AÐ umboðsmaður upplýsi landsþing um umboðið

SFHR: umboðsmaður SKAL en þá er spurning um hvenær

FS: í upphafi fundar? þegar tekið er til lögmæti fundar

GS: lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

þing klappar

Fundarhlé fyrir kvöldmat

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

xviii. Framboð til formanns LÍS

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SHÍ: Daníel: er forsenda fyrir þessu? að það séu tvö ár? er einhver grunnforsenda fyrir þessu? Siðferðisleg forsenda eða einhver ástæða? Hefur einhver sóst sérstaklega eftir því?

Af hverju svona rúmur tími af hverju 2 ár?

Og hvað með útskrifaða?

FS: Aldís: Ef þú ert útskrifaður þá ertu ekki virkur meðlimur og ert því ekki kjörgengur. Með tvö árin þá hugsuðum við að það yrði að vera eitthvað þak á þessu og við litum til Norðurlandanna og sáum ýmsar leiðir en engin leið sem væri beint alveg réttust - okkur fannst þetta vera sanngjarnt, ekki of langt og ekki of hamlandi. Bæta við þetta að við litum til landanna í kringum okkar og þar eru fólk yfirleitt ekki í skóla á meðan sem vinnur í slíkum störfum. Við viljum að samtökin sé frekar rýmri en hamlandi.

SFHR: Rebekka: maður getur verið útskrifaður samkvæmt þessu er það ekki miðað við nýju lög. Við teljum að það væri réttast að vera stúdent - að segja innan tveggja ára við það að vera stúdent - að halda því þannig að það sé innan tveggja ára - óþarfi að tengja við FS eða tengja frekar við að vera bara almennur nemandi - og að segja innan tveggja ára vegna þess að þá ertu í raun á þriðja árinu þínu frá því að þú ert í skóla.

FS: Þið leggið til að það sé að það sé ekki tilgreint nánar að þetta sé bara opið öllum stúdentum - að þeir þurfi ekki að vera innan LÍS eða aðildarfélaga -

SFHR: og svo finnst mér mjög mikilvægt að það sé INNANN tveggja ára

SFHÍ: Ragna: Ég er ekki sammála því að það eigi að þrengja þetta og mér finnst þessi breytingartillaga mjög góð viðbót við því sem var gert í fyrra og hún var kannski þrengt um of - og held það sé rétt það sem Rebekka segir - og þá að sami aðili getið boðið sig fram tvö ár í röð og það geti jafnvel verið mikilvægari reynsla heldur en að vera nemandi - og hjá okkur a.m.k að hjá SHÍ ert þú hluti af aðildarfélagi ef þú ert nemi í Háskóla Íslands - og þetta þurfi

að vera skýrt

FS: Aldís: ég er mjög sammála þessu - Davíð: að öll FS sé virk í aðildarfélögunum og framkvæmdarstjórnin sé tengd inn í háskólana

SFHR: Ragna: þið voruð að tala um að þrengja þetta ekki of mikið - breytingin ykkar er þó eiginlega frekar að þrengja heldur en að vikka -

SFHÍ: Ragna: það eina sem er að bætast við er í tvö ár

SFHR: Erna: er ekki óþarfi að hafa framkvæmdarstjórn þarna inn í þar sem þeir eru alltaf hluti af aðildarfélögunum.

FS: Aldís: eitt sem við viljum bæta við að það sé möst að hafa aðildarfélög en ekki nemandi -eins og t.d. SÍNE.

SÍNE: þetta er náttúrulega svolítið erfitt hjá okkur því nemendurnir eru í útlöndum og geta því ekki sinnt störfum sínum á meðan.

FS: Þórður: já mjög mikilvægt fyrir SÍNE að hafa aðildarfélög.

SFHR: Skiljum ekki af hverju framkvæmdarstjórn er inn í þessu.

FS: þú ert t.d. skipaður í FS til tveggja ára og því hefur enn kjörgengi og því þarftu ekki að vera meðlimur í aðildarfélagi.

FSHR: en þarf það ennþá ef þetta eru þarna þessi tvö ár

FS: Sunna: ég t.d. persónulega er gott dæmi um þetta - þessi tvö ár eru bara til að útvíkka þetta aðeins.

FS: Aldís: nú gæti Sunna boðið sig fram til formanns og hún gæti gert það aftur því hún er búin að sitja í framkvæmdarstjórn en er ekki lengur hluti af aðildarfélagi.

SHÍ: mig langar til að skýra eitt: af hverju ættu einhverjir sem eru ekki stúdentar að berjast fyrir hagsmunum stúdenta - kom upp líka síðast - en ég veit að hvernig þetta hefur verið annars staðar að einhversem útskrifast er mjög öflugur talsmaður stúdenta og býður sig fram

til formanns eftir ár og starfar í framkvæmdastjórnog þá vill hann halda baráttunni áfram, mér finnst hann ekki bera hagsmuni fyrir brjósti þótt maður hafi útskrifast fyrir tveimur árum. Og við erum ekki að loka á þessu

Þórður: Í tilliti Landbúnaðarháskólanseru nemdendur á menntaskólastigi og því þarf eiginlega að þetta séu háskólanemendur

SHÍ: Daniel: tengt þessu með lanuðu stöðuna - er þessi tillaga tengd því að þið eruð að sækja um að láta formanninn vera launuð staða?

FS: Nei alls ekki - við erum búin að vera mikið í samstarfi við ESU og við viljum ekki loka á það að þetta geti verið einhver flottur fulltrúi óháð því hvort að hann sé akkúrat í námi - Davíð (núverandi formaður) væri t.d. í beinum tengslum við þingfulltrúa þótt hann væri ekki háskólanemi. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé mögulega hræðsla við breytingar. Við skulum ekki vera hrædd við breytingar - hæfasti einstaklingurinn getur vel verið ekki stúdent.

SFHR: Erna: ég er sammála Aldísi að þetta sé hræðsla við breytingar og þetta sé ótengt launaðri stöðu og við megum ekki gleyma því að Landsþingið tekur endanlega afstöðu.

GS: umræðan er orðin þunn - allir eru orðnir sammála

SFHR: Erna: mikilvægt að breyta úr stúdenta yfir í háskólanemar - mikilvægt að nota skýrt orðalag því þetta getur faktíkt líka verið menntaskólanemar.

FS: Þórður: sammála sérstaklega tengt landbúnaðarháskólanum.

FS: Aldís: ég er ekki sammála - því Sunna er t.d. ekki háskólanemi -

FS: Þórður: hvað með háskólastúdent?

FS: Aldís - það er ástæða fyrir því að við notum þetta orð

SHÍ: Ragna: ég velti fyrir mér hvort það sé nauðsynlegt að hafa háskólastúdent - hvort að Landsþing myndi velja menntaskólanema sem formann?

SHÍ: Sigmar: bara benda á að landsamtök íslenskra stúdenta og í því ljósi

NLBHÍ: það eru menntaskólanemar hjá okkur en þeir geta ekki verið kosnir í LÍS

SÍNE: Berta: við höfum frá því kl 5 talað um háskólanema og núna skyndilega erum við að tala um stúdenta - þurfum við þá ekki að spóla bara til baka?

FSHA: skilgreiningin á stúdent í íslenskri orðabók er maður sem hefur lokið stúdentsprófi eða er í háskóla

FS: Aldís: við notum orðið stúdentar og háskólanemar og svo er ég ánægð með þessa umræðu og að allir séu að tjá sig

þing klappar

SHÍ: Ragna: ánægð með þessa umræðu en ég er ennþá fylgjandi þessari breytingartillögu eins og hún er - eins og flestir held ég

FS: Jóhann: það er eins og það stendur ennþá þá getur menntaskólanemi boðið sig fram.

FS: á endanum er það landsþingið sem kýs.

SHÍ: Sigmar: Samkvæmt ákvæðinu er ekki nóg að hann sé bara meðlimur heldur líka stúdent.

GS: mælendaskrá lokað. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 34 atkvæðum en 1 situr hjá.

þing klappar

xix. Kosning

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

GS: opnar og lokar mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

xx. Dreifing samþykktra lagabreytinga

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Framkvæmdarstjórn

FS: Aldís rökstyður.

SFHR: Erna: frábær hugmynd og legg til að þetta verði bara sjö dagar.

SHÍ: Ragna: legg til að við myndum kjósa um þessa síðustu tillögu. -

SHÍ: Ási: vil bara enda á því að við klöppum fyrir FS og þeirra vel unnu störfum.

þing klappar

FS: Góð tillaga frá SFHR.

GS: þið viljið breyta því í sjö daga frá slitum Landsþings?

GS: ég vil taka undir orð Ása.

GS: loka mælendaskrá. Ber tillöguna upp til samþykktar. Breytingartillagan er samþykkt með 35 atkvæðum.

GS: ég mun bera upp löginn í heild sinni: **Löginn eru samþykkt með 35 atkvæðum**

Þing klappar

FS: Sunna: vil bara benda á að Aldís á þetta eiginlega allt og við skulum klappa fyrir henni.

þing klappar

LOKAORÐ FUNDARSTJÓRA / 18.3

Leggur til að fundi verði frestað til morguns. Þakkar framkvæmdarstjórn fyrir vel unnin störf sem og þingfulltrúum fyrir góðar umræður og uppbyggilega tillögur.

15. LÖGMÆTI FUNDAR / 19.3

15.1. Lögmæti fundar í byrjun dags kannað.

Virk atkvæði:

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

Erindi frá sjávarútvegsfyrirtækinu Samherja. Kristján Sindri.

Vinnustofur á vegum LÍS - Davíð kynnir.

16. LÖGMÆTI FUNDAR / 19.3

16.1. Lögmæti fundar eftir hádegisverð kannað

Virk atkvæði:

NFHB: (3) 3

SHÍ: (12) 12

FSHA:(5) 5

SFHR: (7) 7

NLBHÍ: (2) 2

NLHÍ: (2) 2

SH: (2) 2

SÍNE: (2) 2

Samtals: (35) 35

17. MÁL SEM AÐILDARFÉLÖG ÓSKA EFTIR / 19.3

GS: kynnir liðinn og opnar mælendaskrá. Fyrirkomulagið í umræðum er eins og í lagabreytingum.

i. NLHÍ biður um umræðu um húsnæði LHÍ

FS: Elsa: Nemendaráð Listaháskólans bað um að fá að kynna fyrir okkur um mál tengt þingsályktunartillögu um að húsnæði listaháskólans verði gert að forgangsatriði hjá stjórnvöldum.

NLHÍ: Sandra: byrja á að þakka fyrir þingið. Þingsályktunartillaga um húsnæði Listaháskóla Íslands. *Sandra les upp greinargerð um stöðu Listaháskólans í dag.* Hér eru nokkrir punktar.

NLHÍ hefur stuðlað að nýsköpun á landinu og gegnir lykilhlutverki í skapandi greinum í landinu

Deildunum hefur verið skipt upp milli húsnæða. En þessi dreifing hefur ekki verið alveg heppileg því mikill húsnæðisvandi er. Mikill myglusveppur og óhentugt húsnæði fyrir listgreinar. Telur upp listgreinarnar og húsnæðið sem er hræðilegt. Ekkert mótuneyti og lélegt bókasafn á óheppilegum stað.. Þetta er óviðunandi. Einnig er ekkert aðgengi fyrir fatlaða - og plássleysi og engar langtímaáætlanir. Miklar hækkanir á fasteignamarkaði og niðurskurður fjárframlag til skólans. Mjög brýnt að fá nýtt húsnæði.

Sandra: mig langar til að óska eftir stuðningi frá ykkur öllum við þessa tillögu enda er Listaháskólinn eini skólinn sem býður upp á listnám á háskólastigi. Einnig mikilvægt fyrir aðra nema og fyrir samfélagið í heild, fræðasamfélagið.

Þetta getur ekki haldist við án viðunandi húsnæðis.

Ég óska hér með eftir stuðningi frá ykkur - ég mun senda ykkur greinargerðina, umsögn sem við höfum skrifað og síðan stuðningsyfirlýsingu sem við biðjum ykkur um að skrifa undir og erum að hvetja öll félög um að gera slíkt hið sama. Við erum að biða eftir skýrslu úr

myglurannsóknum og við sjáum fyrir að tónlistardeildin verði húsnæðislaus.

Þetta er fyrir 5. apríl sem við þurfum þessa stuðningsyfirlýsingu frá ykkur svo ég vona að sem flestir sjái sér fært að skrifa undir.

SFHR: Erna: mjög leitt að heyra og flott framtak- eruð þið sem nemendaráð eða er þetta skólinn sjálfur - er þetta formlegt til yfirvalda?

NLHÍ: ég er búin að senda til nemendaráðanna - einnig hollvinasamtök. Skólinn er að skrifa umsögn sem við ætlum að senda beint til yfirvalda.

SHÍ: Ragna: mjög flott tillaga. mig langar líka að vita nákvæmlega hvað þú ert að biðja okkur um - viltu stuðning við tillögunni, hverjir eru að flytja hana - höfðuð þið frumkvæði þessi - hvernig var ferlið?

NLHÍ: þessi þingsályktunartillaga kemur frá Pírötum, frá Snæbirni við erum að óska eftir því að hagsmunafélögin skrifi undir þessa stuðningsyfirlýsingu - ef þið sjáið ykkur fært um að skrifa umsögn þá væri það auðvitað frábært líka.

SHÍ Ragna: LÍS eða aðildarfélögin?

NLHÍ: bæði betra

FS: Elsa: við erum að biðja aðildarfélögin og ef öll aðildarfélögin gefa stuðning þá munum við líka biðja LÍS um stuðning.

SFHR: Erna: ég er að velta fyrir mér hver lagði þetta fram hjá ykkur - hvað felst í þessari þingsályktunartillögu - hvaða athugasemdir eruð þið að gera við hana annað en þessa stöðu mála hjá ykkur.

NLHÍ: við erum í rauninni styðja þetta og útlista betur hvað er í gangi hjá okkur og ástæða er að við viljum setja þetta í forgang á alþingi - erum búin að vera í bráðabirgðahúsnæði í 17 ár. Við erum að gera okkar besta en getum gert mjög lítið.

FS: Elsa: þessi tillaga sem er lögð fram fyrst og fremst af Snæbirni Brynjarssyni í raun bara að bón um það að samtal hefjist um húsnæðismál LHÍ því við erum búin að vera í bráðabirgðahúsnæði - það er aldrei bara ákveðið að gera eitthvað og eitthvað verði gert. Eini

listaháskólinn á landinu og er ótrúlega fáránlegt að LHÍ þurfi að vera í þessari stöðu og miðstöð menninga og lista á landinu sé í þessarði aðstöðu

SHÍ: Ási: vil þakka fyrir - vil benda á að skv. alþingi .is þá er Snæbjörn ekki skrifaður fyrir tillögunni heldur Einar Brynjólfsson og fjöldi þingmanna frá ólíkum flokkum - veit ekki með þessa umsögn þar sem við þekkjum ekki ástandið þá getum við ekki beint gefið umsögn á þessu. Mér finnst að LÍS ætti að beita sér fyrir þessu máli

FS: Aldís: ég er sammála Ása og vil helst að við skrifum undir stuðnings yfirlýsingu og aðildarfélögin skrifi undir og sammála að LÍS ætti að beita sér fyrir þessu en það er sterkast líka að aðildarfélögin skrifi líka undir.

NLHÍ: Sandra: vil bæta við hjá Elsu að dæmi um aðgengi að það er mjög slæmt fyrir fatlaða t.d. þá er kennsla á 4. hæð engin lyfta og hreyfiskert manneskja er í námi og - heldur áfram að tala um aðstöðuleysi - sem sagt ekkert jafnrétti til náms.

SHÍ: Sigmar: virðist vera að LÍS hafi fengið sena beiðni um að senda inn umsögn ef öll aðildarfélög eru sammála um þetta mál hvort að væri nokkur leið að þau myndu skrifa undir stuðningsyfirlýsingu. Þá gæti LÍS í kjölfarið sent inn umsögn.

GS: við skulum finna málefninu farveg.

SHÍ: Jónas: Hvernig þessi stuðningsyfirlýsing færi fram þá þætti mér fínt að umsögnin færi fram hvort að LÍS myndi skrifa umsögn og við myndum síðan skrifa undir - fínt en það skiptir ekki máli, heldur að nemendur og stúdentar berjist saman í hagsmunabaráttu.

SHÍ: Ragna: langar bara að fagna þessari umræðu og held að þetta sé vettvangur fyrir slík mál fyrir stuðning. Ég held að það sé komin lausn svo lengi sem þetta sé allt skýrt hvað fólk er að skrifa undir. Ég velti fyrir mér þar sem þetta eru ákveðnir flokkar þar sem eru að bera þetta fram en ég held að aftur á móti sama hvaðan gott kemur - og gæti orðið fordæmisgefandi - ég veit ekki hvort að þetta hafi gerst áður - þ.e.a.s ef allir eru sammála og að við styðjum hvort annað

FS: Elsa: þannig að það sé á hreinu þá er þælingin sú að tölvupóstur verði sendur til allra aðildarfélaganna - umsögnin verður með - svo erum við plagg með stuðningsyfirlýsingu og

Þið eruð þá með það og við auðvitað myndum vilja að þið skoðið þetta fljótt því þetta er að gerast núna og uppúr viðbrögðum aðildarfélaganna þá munum við skoða hvernig LÍS mun koma að þessu.

FS: Sunna: Getum við lagt fram að aðildarfélaginu skoði þetta á morgun? Þá myndum við jafnvel vilja ef þið eruð ölltil í þetta þá munum við LÍS skrifa undir og koma þessu í fjölmiðla.

SFHR: Erna: mér finnst þetta flott umræða og stórt og mikilvægt málefni og mér sýnist að allir muni skrifa undir - en hvað getum við gert meira? Algjörlega ótengt stjórnmalahreyfingum finnst mér að við ættum ekki að þæla í þessum flokkum heldur vekja betur athygli á þessu.

GS: eru ekki allir sammála og ætla að skoða þetta? Það er samþykki með þetta?

FS: Elsa: þið fáid e-mail eftir smá og við viljum þakka fyrir þessu góðu viðbrögð, þetta er ótrúlega mikilvægt TAKK.

SHÍ: Ragna: mér finnst þetta vera ákveðin tímamót í sögu LÍS og ég held að það sé tímabært að við beitum okkur pólitískt því ég held að hagsmunabaráttu stúdenta sé öflugast þannig.

FS: Aldís: var með sama punkt og vil þakka NLHÍ fyrir að opna þessi tímamót.

þing klappar *fundarstjóri, ritari og fleiri klökkna*

ii. SFHR biður um umræðu um BÍSN

SFHR: Rebekka: eins og Ragna var að segja áðan að þá er með stjórnarsæti í LÍN; eitt sæti fyrir BÍSN sem þýðir eitt fyrir alla sérskóla og HR hefur alltaf ákveðið hver situr í þessu sæti. Núna í júní þá er verið að skipa nýja einstakling í þetta næst. Við ætlum að endurvekja BÍSN þá og við viljum bjóða öllum sérskólum í þetta og hafa þá tengsl inn í LÍN. Þessi skólar eru þá hluti af BÍSN.

Erna: þetta félag hefur legið niðri - HR hefur setið í þessu sæti en tillaga okkar er að aðrir skólar mæti á þennan aðalfund þannig að við höfum saman fulltrúa að þessu.

Rebekka: þá er spurning um hvernig er með t.d. Landbúnaðarháskólann við við viljum skapa umræðu um þetta hér.

FSHA: FSHA yrði þá í BÍSN?

Rebekka: HA er ríkisrekinn skóli og er því ekki í BÍSN - þetta er fyrir hina skólana sem eru ekki ríkisreknir.

SHÍ: Ragna: ég vil benda á að þó að ákveðnir skólar taki skólagjöld og einhverjir ekki mér finnst þetta svolítið skrytið notkun á hugtökum því LÍN stendur eins út frá þessu - spurning hvort að FSHA ætti að taka mið af því sem eiga ekki fast sæti í stjórn LÍN - eitt varðandi sæti SHÍ er með sæti í LÍN en ég vil koma því á framfæri að við erum með 20 þúsund nemendur og HÍ er með 60 prósent nemendur.

SFHR: Rebekka: þetta eru svona 80 prósent nemendur og svo 15 prósent í HR - auðvitað meikar mest sense að þetta sé oftast SHÍ og SFHR en við viljum opna fyrir möguleikann á að fulltrúar annarra skóla geti setið í þessari nefnd.

SFHR: Erna: svona er bara almennt talað um þetta, ekkert sem við erum að búa til hér - SHÍ gæti alveg tilnefnt einhvern frá HA - því þau fá að tilnefnainn í stjórn LÍN. Okkar hugmynd er að endurvekja þessi samtök svo að það verði samstarf milli þessara skóla því þetta á ekki bara vera í höndum SHÍ og SFHR eins og þetta hefur verið hingað til.

SÍNE: Berta: mér finnst þetta áhugavert -ég vil tala bara út frá mér því eg er í söngskólanum - megum við koma? Þið eruð öll velkomin? hvernig gætum við nálgast það?

SFHR: Rebekka: bara endilega og allar svona ábendingar mjög vel þegar.

FSHA: Logi: þið eruð að kalla þennan stofnfund aftur svo að það séu fleiri á bakvið þetta sæti? En getum við ekki bara haft meira samráð milli FSHA og SHÍ? Við gætum þá haft meira samráð okkar á milli svo við séum líka fleiri á bakvið það sæti.

SFHR: Rebekka: tilgangurinn með þessari umræðu er að allir skólar hafi eitthvað að segja og við viljum persónulegaeinbeita okkur að BÍSN.

SFHR: Erna: og að þetta sé bara skýrt og að verðum bara að skoða samstarfið.

Nefndarmeðlimur: Ragnar: ég er lánasjóðsfulltrúi SHÍ og ég fagna umræðunni. SFHR er flott að endurvekja BÍSN - en FSHA verður eiginlega sá eini sem ekki hefur málsvara innan LÍN og það er sjálfsagt mál fyri SHÍ að taka umræðuna við FSHA og frábært að þetta komi fram

hér.

SHÍ: Ragna: mjög svipað og ég ætlaði að segja - við ættum að hefja umræður okkar á milli og ég held að við þurfum líka - við erum sterkari sameinuð.

SHÍ: Sigmar: vil forvitnast með BÍSN hvað með Landbúnaðarháskólann - eru þetta bara einkareknir skólar? Vil fá frekari útskýringar og hver þælingin er. Er það bara um þetta eina sæti eða á að tengja þetta frekar við LÍN?

SFHR: Rebekka: þetta eru bæði einkareknir skólar og líka sérskólar - ég þekki þeirra tilfelli ekki alveg nógu vel - eina hlutverk þessa félags var að sameina þessa skóla - svo varð það eiginlega gjaldþrota, því samkvæmt lögum LÍN á BÍSN sæti.

SFHR: Erna: ég er búin að vera að finna einhverjar útskýringar frá LÍN á þessum sætum - en mér hefur ekki enn tekist það en við ættum að hafa samband við einhvern upp á að fá svör.

FS: Elsa: fyrir hönd NLHÍ vil fanga þessari umræðu og erum mjög spennt að taka þátt í samtali um þetta.

FSHA: Ketill: við skoðuðum þetta og fundum ekkert og hvergi minnst okkur.

SHÍ: Ragna: bendi á að ef þetta umræðuefni á að verða endurskoðun frá LÍN þá væri það tilvalið efni á þingi um LÍN t.d. í ágúst.

SHÍ: Sigmar: eigum við að hala áfram með þessa umræðu utan fundar?

FS: Davíð: fagna þessari umræðu og hvað við ætlum að ræða um og vil endilega að við ræðum þetta á nýjum vettvangi í sumar eða byrjun haustannar.

GS: lokar mælendaskrá.

þing klappar

Jónas segir brandara: Umræðan var BÍSNa góð.

SFHR: Rebekka: má ég skjóta inn - að þið getið komið til mín og ég fengið emailin hjá ykkur fyrir aðalfund BÍSN.

FSHA: Ketill: sendum við þá Rögnu emailið okkar?

iii. Fjármál - fjöldi þinggesta - landsþing framtíðarinnar

SFHR: Rebekka: vorum að þæla með landsþingið; ætlum við að halda áfram með að leggja út kostnað fyrir öllum þinggestum? Nú eru flest stóru aðildarfélögin búin.

SFHR: Erna: hvort að minni aðildarfélögingætu kannski haldið þetta saman eða hvort að það séu einhverjar aðrar hugmyndir?

FS: Sunna: langar að koma að því, óháð fjármagni, að minni félögin fái að halda þingið samt hvort það sé ekki vilji fyrir því? Þetta er valdeflandi að halda þingið.

SFHR: eitt sem ég gleymdi með þessa umræðu og það er mjög mikilvægt að þótt að aðildarfélögin haldi - en að FS sjái samt um alla framkvæmdina sjálfa.

FS: þannig er vinnan búin að vera í ár við gerðum dagskrána þau sáu um praktína.

SFHR: en var ekki áður

SFHR: Rebekka: umræðan sem kom upp í fyrra var að hvert aðildarfélag myndi borga fyrir sín atkvæði - er það eitthvað sem fólk er opið fyrir? Er það sniðug leið?

FS: Aldís: við erum ekki búin að ræða þetta innanborðs en það er held ég vilji hjá okkur - það er þannig hjá ESU að gjöldin hækka eftir því sem það koma fleiri. Sko það er ekkert fast form á því hvernig við eigum að ræða þetta - hvernig við gerum þetta - hver hafi frumkvæðið - verðum eiginlega bara svolítið að ákveða það.

SFHR: Rebekka: væri ekki bara sniðugt að gera plan fyrir framtíðina? Setja upp plan fyrir næstu ár svo við þurfum ekki að ræða þetta á hverju einasta ár?

SHÍ: Sigmar: getum við fengið að vita hvernig þetta er núna?

FS: Aldís: eins og þetta er núna þá greiðir aðildarfélag sem heldur landsþing kostnað fyrir allt og alla fulltrúa og hótél - en svo hefur verið farið út af því - þess vegna var umræðan í gær um það hver ætti að borga fyrir hvern - hvort við ættum að ákveða hver er næstur í röðinni að halda. Svo var ég að þæla með það sem Rebekka sagði - leggja fram bókun um þessa röð og hvort að einhver sé með tillögu að þessari röð. Og hvort það sé „input“ frá minni aðildarfélögunum?

FSHA: Ketill: hverjir eru búnir að halda?

FS: FSHA, NFHB, SHÍ, SFHR, FSHA

FSHR: Erna: væri gott að fá þetta upp á skjá - ekki að þetta sé alveg fast en hafa tilfinningu fyrir því hvernig þetta hafi verið og og hvort að minni félögin vilji hafa þetta -

NLHÍ: Sandra: það væri mjög gaman að koma að skipulagi en við erum ekki formlega einu sinni til og ættum mjög erfitt með að bjóða til okkar - það væri mjög erfitt allavega fyrir okkur.

SFHR: Erna: vil nefna með fjáröflunina að hvert aðildarfélag sé að borga fyrir sitt sæti - ef LÍS fær þjónustusamning er þá ekki eðlilegt að LÍS borgi þá allavega einhvern hlut - þá gæti það dekkað kannski eitthvað. Við höldum þingið á Bifröst þótt að við værum að halda.-

SÍNE: Berta: við erum minni aðildarfélög - held þetta sé góður punktur og væri gaman ef við gætum unnið saman - hvort við ættum að eiga eitthvað samtal.

SH: Darri: Ég væri mjög til í þetta - en við getum því miður ekki haldið þetta - en ef við fáum styrk frá ykkur þá getum við það mögulega.

GS: ég held þetta verði ekki ákveðið núna - með röðina - ég legg til að við komumst að einhverri niðurstöðu.

FS: Jóhann: ég vil taka undir með minni félögunum að það væri geðveikt flott að við tækjum saman og við gætum þá alveg haldið saman.

SHÍ: Ragna: langar enn og aftur að þakka fyrir umræðuna - væri gaman að koma í minni skóla og fá að kynnast þeim skólum - en athuga hvort að landsþingið ætti að vera hluti af fjárhagsáætlun.

SFHR: Ítreka þetta með fjárhagsáætlun. - og að það komi fram í bókun að fólk sé ekki að borga bæði aðildargjöld.

FS: Davíð: við erum sammála að þetta fyrirkomulag er óhentugt og við viljum breyta því - við erum held ég sammála um að setja inn í fjárhagsáætlunina. Við höfum ekki fengið útkomu úr þessu með þjónustusamninginn. Við erum til í að skoða þetta.

SHA: Ketill: það yrði þá bara ákveðið næstu hundrað árin og við gætum þá vitað af kostnaðinum með tíu árafyrirvara.

SFHR: Rebekka. erum við ekki sammála að skoða það að hvert félag borgi fyrir sig og LÍS gæti reynt að niðurgreiða eins og þau geta?

SFHR: Erna: mér finnst að við ættum bara að taka það út að aðildarfélögin séu að borga fyrir sig - það þarf að gera meira en að skoða það - því við ættum ekki að þurfa að borga..

FS: Davíð: við erum búin að vera að sækja um nákvæmlega þetta með þjónustusamninginn.

SHÍ: Ragna: spurning hvort við ættum að taka fundarhlé og semja bókun?

SFHR: Erna: staða LÍS er góð núna og er ekki hægt að gera ráð fyrir því að minni félögin geti haldið þetta og að LÍS borgi fyrir næsta landsþing og svo komi í ljós með þjónustusamninginn og það sé þá bara plús? Það er þá hægt að ákveða á næstunni hvort að litlu félögin taki þetta að sér næsta ár.

FS: Sunna: Gott að fá þetta - einu áhyggjurnar sem ég hef er að þó við séum í ákveðinni stöðu núna þá vitum við ekki hver fjárhagsstaðan verður - svo ég vil ekki að það bókist heldur frekar að aðildarfélögin borgi fyrir sína þingfulltrúa og við myndum svo niðurgreiða? í framtíðinni væri kannski sniðugt að hafa ráðstefnugjald og við myndum síðan niðurgreiða það.

SFHR: Rebekka: við vorum ekki að tala um að LÍS myndi borga þetta allt - heldur að þið gætuð borgað sem mest og við svo borgað upp í.

FS: Erna: ég legg til að fjáröflunarnefnd myndi afla styrkja fyrir landsþing og aðildarfélögin og LÍS eftir getu myndu hjálpa til við kostnað.

BÓKUN um uppröðun fyrir næstu landsþing:

2013 FSHA

2014 NFHB

2015 SHÍ

2016 SFHR

2017 FSHA

2018 NFHB, NLBHÍ, NLHÍ, SH og SÍNE

2019 SHÍ

2020 SFHR

2021 FSHA

2022 NFHB, NLBHÍ, NLHÍ, SH og SÍNE

2023 SHÍ

2024 SFHR

Bókun um fjármagn og fyrirkomulag tengt landsþingi:

Landsþing LÍŠ 2017 leggur til bókunar að Nemendafélag Háskólans á Bifröst, Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands, Nemendaráð Listaháskóla Íslands, Stúdentafélag Hólaskóla og Samband íslenskra námsmanna erlendis haldi saman Landsþing LÍŠ 2018 með þeim fyrirvara að stjórnir fyrrgreindra aðildarfélaga samþykki það.

Þingið leggur því til eftirfarandi röð á umsjón aðildarfélaga með Landsþingi LÍŠ sem æskilegt er að framfylgja liggi ofangreint samþykki fyrir.

Að auki leggur þingið til bókunar að LÍŠ reyni eftir bestu getu að fjármagna landsþing samtakanna en að útistandandi kostnaður dreifist á aðildarfélög eftir hlutfalli fjölda þingfulltrúa þeirra. Jafnframt leggur þingið til að LÍŠ greiði fyrir fulltrúa í framkvæmdastjórn og vísar til fyrri bókunar 18. mars um greiðslufyrirkomulag nefndarmeðlima og annarra áheyrnarfulltrúa á Landsþingi LÍŠ.

Von þingsins er sú að gert sé ráð fyrir því í fjárhagsáætlun LÍŠ í framtíðinni að LÍŠ greiði fyrir Landsþingið og litið verði til fyrirkomulags hjá ESU við endurskoðun skipulags Landsþings LÍŠ.

GS: Lokar mælendaskrá.

SHÍ: Sigmar: Örstutt um þema næsta þings. Spurning að skoða það á næsta þingi að félagið sem haldi þingið ákveði það í samvinnu við FS og snerti það með þeim hætti og það geti tengst þá mögulega þeim skóla sem heldur.

SFHR: Erna: Alveg sammála þessu þá er mikilvægt að FS komi að þessu og móti samtökin því við ætlum að gera stefnu út frá því sem er rætt hér á þinginu - því FS og LÍS er alltaf að vinna í þessu dags daglega.

GS: Lokar mælendaskrá.

Liðnum önnur mál er lokið.

18. SAMANTEKT ÞINGS / 19.3

GS: Leggur til að liðnum sé sleppt.

FS: Davíð: við í FS ætlum að taka saman þessa vinnu og búa til stefnu LÍS í gæðamálum.

FS: Sunna: þetta var unnið í samstarfi við Rannís gæðanefnd o.s.frv. en svo eruð það þið sem innleiðið stefnuna.

SHÍ: Ragna: er stefnan lögð til samþykktar allra aðildarfélaga eða FS?

FS: stefnan verður samþykkt á landsþingi.

SFHR: Erna: hvernig getum við komið því á framfæri á þessari vinnu - við erum búin að benda markaðsdeildinni á okkar og þau ætla að hjálpa okkur með það að koma því á framfæri - hvort að FS eða aðrir ætli að gera það sama.

FS: Aldís: höfðum hugsað okkur að skrifa fréttatilkynningu og koma djúpt inná stefnumótun í gæðamálum og einnig sér fréttatilkynningu um umræðu um húsnæðismál LHÍ en það væri sér fréttatilkynning.

þing klappar

19. KOSNINGAR / 19.3

Aðildarfélög tilnefna fulltrúa til framkvæmdastjórnar LÍS.

NFHB:

1. aðal Guðrún Marisibil Heimisdóttir

2. aðal Teitur Erlingsson

1. vara Þórarinn Halldór Óðinsson

SHÍ:

1. aðal Ágústa Björg Kettler Kristjánsdóttir

2. aðal Kristrún Helga Jóhannsdóttir

1. vara Sandra Silfá Ragnarsdóttir

FSHA:

1. aðal Anna Sif Guðmundsdóttir

2. aðal Lía Margrét Rúnarsdóttir

1. vara Sigurbjörg Arna Stefánsdóttir

2. vara Björn Auðunn Ólafsson

SFHR.

1. aðal Eygló María Björnsdóttir

2. aðal Kristín Sólveig Kormáksdóttir

1. vara Íris Björk Snorradóttir

2. vara Salka Sigurðardóttir

NLBHÍ:

1. aðal Ísfold Líf ágústdóttir

Óska eftir undanþágu fyrir varamennina tvo.

NLHÍ:

1. aðal Elsa María Guðlaugs Drífudóttir

2. aðal Heiðdís Hanna Sigurðardóttir

Óska eftir undanþágu með varamennina tvo.

SH:

1. aðal Brynjar Darri Sigurðsson Kjerúlf

1. vara Fríða Hansen

SÍNE:

Óska eftir fresti.

FS: óskar eftir tilnefningu til endurskoðanda.

Eygló María Björnsdóttir (SFHR) býður sig fram til endurskoðanda.

SFHR: Erna: er í lagi að það sé einhver tengdur LÍS?

FS: Aldís: það er ekki í lögum LÍS en það er þó almennt þannig. Ég veit ekki alveg hvort að landsþingið eigi að ákveða þetta?

Þingið kys um endurskoðanda. Eygló María Björnsdóttir er kosin endurskoðandi LÍS með 35 atkvæðum.

Kosningar til formanns, gæðastjóra og alþjóðaforseta.

Í embætti formanns barst eitt framboð: Aldís Mjöll Geirdóttir

Í embætti gæðastjóra barst eitt framboð: Davíð Erik Mollberg.

Í embætti alþjóðaforseta barst eitt framboð Elsa María Guðlaugs Drífudóttir .

Davíð kynnir sig og gerir grein fyrir framboði sínu.

Elsa María kynnir sig og gerir grein fyrir framboði sínu.

Aldís Mjöll kynnir sig og gerir grein fyrir framboði sínu.

GS: kynnir hvernig kosning fer fram.

Kjörstjórn sér um kosningu.

Sunna Mjöll kynnir úrslit.

Gæðastjóri er Dvíð Erik Molberg.

Alþjóðaforseti er Elsa María Guðlaugs Drífudóttir.

Formaður er Aldís Mjöll Geirsdóttir.

20. ÞINGI SLITIÐ / 19.3


Fundarstjóri og -ritari þakka fyrir sig.

Davíð Erik flytur smá kveðju og slítur þingi.

21. STAÐFESTING RITARA OG FUNDARSTJÓRA

Nafn, ritari I.

Guðrún Baldvinsdóttir, ritari II



Gauti Skúlason, fundarstjóri
